



Unnarstígur 3, umsókn um stækkun lóðar.

Um er að ræða ósk um stækkun lóðarinnar að Unnarstíg 3, sem tengist áformum um flutning Hendrikshúss (Strandgötu 17) á lóðina. Fyrir er á lóðinni einbýlishús á einni hæð. Lóðarstærð Unnarstígs 3 er 873,3m².

Álit Minjastofnunar Íslands um flutning Hendrikshúss á lóðina liggur fyrir og hefur veitt því jákvæða umsögn að Hendrikshús (sem er friðað) verði flutt og komið fyrir á lóð innan um önnur eldri hús. Flutningur hússins hefur áður komið til umsagnar Minjastofnunar, þá miðað við flutning á aðra lóð. Í umsögn stofnunarinnar árið 2017 segir m.a.:


...að það njóti sín betur í skipulagi innan um önnur eldri hús, en á núverandi stað, í návígi við stórar opinberar byggingar. Stofnunin telur rétt að skoða tillögur eigenda með opnum huga, enda sé tryggt að húsið verði gert upp á nýjum stað, að viðunandi lóð finnist þar sem það sómir sér vel í götumynd innan um sambærileg hús og að stuðningur bæjaryfirvalda í Hafnarfirði liggja fyrir varðandi þessa ráðagerð. Að þessu gefnu leggst Minjastofnun ekki gegn áformum um flutning hússins.

Í álit Minjastofnunar kemur ekki fram afstaða til staðsetningar og/eða fyrirkomulags Hendrikshúss innan lóðarinnar að Unnarstíg 3, en stofnunin telur lóðina uppfylla þau skilyrði sem fram koma hér að ofan.

Með umsókn um stækkun lóðar fylgir tillaga/uppdráttur er gerir grein fyrir fyrirhugaðri staðsetningu og fyrirkomulagi Hendrikshúss (Unnarstígur 3a) þar sem gert er ráð fyrir stækkun lóðarinnar um 185,3m², sem fengin yrði úr lóðinni að Vesturgötu 32 þar sem Byggðasafn Hafnarfjarðar er til húsa. Gert er ráð fyrir kjallara undir húsinu, sem er talsvert stærri grunnfleti þess, sem standi ofan á hraunkletti aftan við Vesturgötu 32. Steyptur kjallarinn er að stórum hluta innan lóðar Vesturgötu 32 og því óskað eftir fyrrgreindri lóðarstækkun.



Hafnarfjörður



Tillaga að staðsetningu Hendrikshúss (Unnarstígur 3a) og fyrirkomulagi innan lóðar

Umsögn:

Bent er á að samkvæmt Aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013 – 2025 nýtur hraunkantur umhverfis Vesturgötu 32 hverfisverndar (HVa4) vegna sérstaks yfirbragðs. Í hverfisverndinni felst að ekki má raska landi né spilla minjum. Hverfisverndin kemur einnig skýrt fram á uppdrætti í ný samþykktu deiliskipulagi Vesturbæjar, þar sem öll lóðin Vesturgata 32 er auðkennd sem hverfisvernduð (HVa4).

Tillagan eins og hún er sett fram gerir ráð fyrir að þrengt er verulega að Vesturgötu 32, tekið er neikvætt í að sú lóð verði skert með þeim hætti sem fram kemur. Að auki verður aðkoma að Unnarstíg 3a (Hendrikshúsi) þröng og óaðgengileg skv. tillögunni. Einnig fellur steypur veggur kjallara er snýr að Vesturgötu ekki vel að götumynd.

Lagt er til að leitast verði við að Hendrikshúsi verði fundinn staður innan núverandi lóðarmarka Unnarstígs 3. Einnig er lagt til að umfang steypis kjallara miðist við grunnflöt hússins.

Í ljósi ofangreindra atriða er tekið neikvætt í tillöguna eins og hún liggur fyrir.

f.h. skipulagsfulltrúa,

Guðrún Guðmundsdóttir, arkitekt/skipulagsfræðingur
Umhverfis- og skipulagssvið Hafnarfjarðar